

**Nd.**

**468. Nefndarálit**

[2. mál]

um frv. til l. um Listskreytingasjóð ríkisins.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Fyrir menntamálanefnd hafa legið tvö frv. um listskreytingu opinberra bygginga, það sem hér um ræðir og annað flutt af alþm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Halldóri Blöndal og Ólafi G. Einarssyni. Í því frv. var lagt til grundvallar að kostnaður við listskreytingu opinberra bygginga skyldi teljast til stofnkostnaðar byggingarinnar. Meiri hl. menntamálanefndar gat ekki fallist á það sjónarmið, heldur hélt sig við að sérstakur sjóður, Listskreytingasjóður ríkisins, skyldi stofnaður í þessu skyni.

Þótt frumvarp til laga um Listskreytingasjóð ríkisins sé einfalt í sniðum eru ýmis atriði óljós varðandi það, hvernig menntamálaráðherra hugsar sér að staðið skuli að listskreytingu opinberra bygginga, en honum er ætlað að kveða á um það í reglugerð, sbr. 12. gr. Þannig er allt á huldu um hver hlutur sveitarfélaganna skuli vera, en athygli vekur að gert er ráð fyrir að Samband ísl. sveitarfélaga skuli tilnefna einn mann í stjórn Listskreytingasjóðs. Þá er

vikið að því í greinargerð, að framlag sveitarfélaga til listskreytingar opinberra bygginga skuli vera u. þ. b. fjórðungur þess fjár sem varið sé í því skyni. Það kom fram í nefndinni að í menntamálaráðuneytinu væru uppi einhverjar hugmyndir um að ákveða stöðu sveitarfélaganna gagnvart Listskreytingasjóðnum í reglugerð, og virðist nærtækt að álykta sem svo, að framlag af þeirra hálfu verði gert að skilyrði fyrir því, að fé fái til listskreytingar mannvirkis. Eðlilegra sýnist að setja það í vald sveitarfélagsins, að nógildandi ákvæði grunnskólalaga um listskreytingu skólamannvirkja skuli gilda enn um hríð meðan reynsla fæst af því skipulagi sem hér er lagt til að taka upp. Enn fremur má benda á að vafalaust hafa ýmis sveitarfélög hugsað sér að notfæra sér 27. gr. grunnskólalaganna, og er ekki ástæða til að meina þeim það. Samkvæmt þeirri grein eru heimildir fyrir rýmri fjárhæð til listskreytingar en hér er gert ráð fyrir. Auk þess hlýtur það að teljast bæði eðlilegt og æskilegt í senn að frumkvæði að listskreytingu opinberra bygginga úti á landsbyggðinni komi heiman að fremur en að því sé fjarstýrt úr höfuðborginni, — úr stjórnstöðvunum.

Óhjákvæmilegt er að benda á að samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að framlag til listskreytingar opinberra bygginga verði í sumum atriðum minna en heimilt er samkvæmt gildandi lögum. Á það er ekki heldur að treysta að framlag ríkissjóðs verði í raun 1% af samanlögðum fjárveitingum „ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.)“ eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. Reynslan sýnir að fjármálaráðherrar hafa verið tregir til þess að standa við slíkar skuldbindingar í lögum, enda hefur Alþingi ekki staðið við vilja sinn í þeim efnum. Það hefði því verið öruggari leið að ákveða að listskreytingar opinberra bygginga teljist til stofnkostnaðar þeirra.

Í frv. er gert ráð fyrir að stjórn Listskreytingasjóðs hafi mjög víðtækt vald. Auðvitað orkar jafnan tvímælis hversu slík stjórn skuli skipuð og hvert verksvið hennar skuli vera. Fyrir fram skal því ekki neitað, að sú skipan, sem hér er lögð til, kunni að gefast vel, en á hinn bóginn er augljóst að í henni felast ýmsar hættur ekki síst vegna þess mikla miðstjórnarvalds sem gert er ráð fyrir. Af þeim sökum leggjum við til að þetta frv., ef að lögum verður, skuli endurskoðað innan fimm ára með hliðsjón af reynslunni. Þegar fram í sækir er hún ólygnust.

Með hliðsjón af framansögðu teljum við eðlilegt að breyta því frv. sem hér um ræðir, um leið og við leggjum áherslu á að forræði sveitarfélaganna haldist áfram enn um hríð varðandi skólabyggingar.

Reykjavík, 17. mars 1982.

Halldór Blöndal,  
frsm.

Ólafur G. Einarsson.